



Breytingar á framkvæmd bindingarskyldu á fjármagnsinnstreymi.

Af hverju er enn bindingarskylda?

Bindingarskylda á fjármagnsinnstreymi inn á skuldabréfamarkað og í hávaxtainnstæður var sett á þar sem slíkt innflæði hafði raskað miðlun peningastefnunnar og hætta var á ofrisi krónunnar áður en útflutningshöft yrðu losuð. Þá kom hún í veg fyrir að áhætta byggðist upp í fjármálakerfinu vegna vaxtamunarviðskipta. Röskun á miðlun peningastefnunnar lýsti sér í því að fjármagnsinnstreymi þrýsti niður skuldabréfavöxtum á sama tíma og Seðlabankinn var að reyna að hækka þá til að herða á aðhaldi peningastefnunnar. Gengi krónunnar hækkaði því meira en ella. Á þeim tíma var talið rétt að herðing aðhalds í peningamálum kæmi í meira mæli í gegnum vaxtafarveg peningastefnunnar sem þrengdi hlutfallslega meira að innlenda geiranum fremur en gengisfarveg sem þrengdi hlutfallslega meira að útflutningsgeiranum. Seðlabankinn hefur ítrekað sagt að hann líti svo á að beiting þessa tækis kæmi fyrst og fremst til álitu þegar hefðbundin tæki hagstjórnar og þjóðhagsvarúðar dygðu ekki til. Seðlabankinn hefur jafnframt sagt að aðstæður til að lækka bindingarhlutfallið væru því betri að öðru óbreyttu sem vaxtamunur gagnvart útlöndum væri minni og gengi krónunnar lægra. Vaxtamunur hefur minnkað síðan bindingarskyldan var sett á og gengi krónunnar hefur lækkað að undanförmu. Því voru aðstæður til að lækka bindingarhlutfallið síðastliðinn nóvember. Þar sem vaxtamunur gagnvart útlöndum er enn nokkur og takmörkuð reynsla er af áhrifum lækkunar á bindingarhlutfalli hefur verið talið rétt að gæta varfærni og lækka það í skrefum.

Af hverju er verið að breyta bindingarskyldu?

Hingað til hefur þurft að uppfylla bindingarskyldu með því að leggja inn á bundinn reikning hjá innlánsstofnun. Þetta fyrirkomulag er talið hafa gert annars áhugasömum fjárfestum erfitt fyrir með að fjárfesta á Íslandi þar sem fjármunir eru skilyrðislaust bundnir út bindingartímann og kann slíkt að ganga gegn fjárfestingarstefnum og reglum sem um fjárfestana gilda. Breytingarnar fela í sér aukinn sveigjanleika á formi bindingar reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris til þess að bregðast við þessu. Áfram verður hægt að uppfylla bindingarskyldu með innleggi á bundinn reikning hjá innlánsstofnun með óbreyttum hætti.

Hver er breytingin?

Breytingarnar gera mögulegt að uppfylla bindingarskyldu með endurhverfum viðskiptum með innstæðubréf Seðlabankans sem ætlað er að hafa sambærileg efnahagsleg áhrif og binding á bindingarreikningi. Í þessum viðskiptum verður fjárfestir af ávöxtun á bindingartíma eins og hann hefði bundið fjármuni á bindingarreikningi. Enn fremur felur hið nýja fyrirkomulag í sér að fjárfestir getur rofið bindingu með uppgjöri við fjármálafyrirtæki á þeim kostnaði sem hlýst af bindingunni út bindingartímann.

Hvernig er nýja útfærslan framkvæmd?

Nýja útfærslan felur í sér að fjármálafyrirtækið sem hefur milligöngu um fjárfestingu kaupir innstæðubréf Seðlabankans fyrir bindingarfjárhæð og selur þau samhliða framvirkt til Seðlabankans, með afhendingu í lok bindingartíma. Fjármálafyrirtæki miðlar svo kjörum og bindingu bréfanna til fjárfestis. Að öðru leyti er það í höndum fjármálafyrirtækis að útfæra þá miðlun en dæmi um útfærslur eru:

1. Fjármálafyrirtæki framselur innstæðubréfið til fjárfestis.
2. Fjármálafyrirtæki tekur við innláni frá fjárfesti á sambærilegum kjörum og bindur það út bindingartíma.
3. Fjármálafyrirtæki og fjárfestir eiga í afleiðuviðskiptum sín á milli.

Fjárfestir getur rofið bindingu á bindingartíma á þeim kjörum sem fjármálafyrirtækið býður samkvæmt almennri venju í bankaviðskiptum, að teknu tilliti til eftirstandandi bindingartíma, t.d. með því að selja fjármálafyrirtæki innstæðubréfið aftur eða gera upp afleiðuviðskiptin vegna þess.

Hvaða áhrif munu breytingarnar hafa?

Auknir möguleikar erlendra fjárfesta á viðskiptum af þessu tagi eru til þess fallnir að auka áhuga þeirra á fjárfestingu hér á landi og kunna þannig að leiða til aukinnar eftirspurnar á verðbréfamarkaði.

Geta þeir sem hafa þegar uppfyllt bindingarskyldu nýtt hið nýja fyrirkomulag?

Þeir fjárfestar eða fjármálafyrirtæki sem hafa uppfyllt bindingarskyldu fyrir breytinguna og eiga fjármuni á bundnum reikningum geta breytt fyrirkomulagi bindingar til samræmis við nýja útfærslu hennar.

Getur bindingarfjárhæð breyst á bindingartíma?

Bindingarfjárhæð helst óbreytt út upphaflegan bindingartímann. Í því felst að jafnvel þó bindingarhlutfall (nú 20%) lækki eða bindingartími (nú 12 mánuðir) styttest, hefur það ekki áhrif á bindingarfjárhæð sem þegar er á bindingarreikningum (eldra fyrirkomulag) eða skilmála endurhverfra viðskipta með innstæðubréf Seðlabankans (nýja fyrirkomulagið).